

STJÓRNARTÍÐINDI B 30 — 1973

Nr. 308.

566

2. nóvember 1973.

REGLUGERÐ

um möskvastærð og útbúnað þorskfiskneta.

1. gr.

Lágmarksstærð möskva þorskfiskneta skal vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 7 þumlunga (177.8 mm) breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal á tímabilinu 1. júlí til 31. desember vera heimilt að nota þorskfisknet þar sem lágmarksstærð möskva er slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika $5\frac{1}{2}$ þumlunga (139.7 mm) breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegn þegar netið er vott.

3. gr.

Við veiðar með þorskfisknetum úr gerviefnum er óheimilt að nota kúluhanka eða önnur flottensl úr öðru efni en óbikaðri eða ólitaðri sísalínu, sem ekki er gildari en 7 mm að þvermáli.

4. gr.

Öll þorskfisknet skulu tryggilega merkt því skipi, sem notar þau, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins.

5. gr.

Auk almenns eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum geta sérstakir eftirlitsmenn, sem hafa skulu í fórum sínum persónuskilríki útgefin af ráðuneyti, haft eftirlit með því, að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt og skal skipstjóri veiðiskips gera eftirlitsmanni kleift að gera þær athuganir á netum skipsins, sem eftirlitsmaður telur nauðsynlegar, enda valdi eftirlitið sem minnstri truflun og óþægindum.

6. gr.

Eigi ná ákvæði reglugerðar þessarar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna.

7. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins og heimilt er að gera afla og veiðarfæri upptæk til ríkissjóðs. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 213 25. júlí 1972 um möskvastærð og útbúnað þorskfiskneta.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. nóvember 1973.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Pórður Ásgeirsson.